

Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið að tapa trausti þjóðarinnar á undanförnum árum. Hann hefur átt það skilið. Þess vegna mun hann halda áfram að glata trausti þjóðarinnar.

Hér skulu ennfremur nefndar nokkrar tölur um tap Sjálfstæðisflokksins í einstökum kjördæmum. Í síðustu 6 alþingiskosningum hefur hlutfallstala Sjálfstæðisflokksins verið sem hér segir í eftirtöldum kjördæmum:

	1933	1934	1937	1942	1942	1946
sumark. haustk.						
Reykjavík	58%	51%	56%	45%	41%	47%
Hafnarfjörður	50%	41%	50%	39%	38%	30%
Ísafjörður	40%	40%	42%	31%	31%	38%
Akureyri	43%	43%	39%	38%	36%	29%
Vestmannaeyjar	57%	50%	50%	45%	41%	45%
Gullbringu- og Kjósarsýsla	65%	65%	63%	52%	50%	48%

Það er alls staðar sama sagan. Sjálfstæðisflokkurinn hefur alls staðar verið að tapa. Þessi flokkur fær aldrei meiri hluta. Hann mun halda áfram að tapa, og hann á að halda áfram að tapa.

Kjósið Alþýðuflokkinn!

Í HALDID

hefur alltaf verið að tapa

1933

**fékk Sjálfstæðisflokkurinn 48%
greiddra atkvæða**

1946

**fékk Sjálfstæðisflokkurinn 39%
greiddra atkvæða**

Hann heimtar hreinan meirihluta en hefur alltaf verið að tapa!

Sjálfstæðisflokkurinn er alltaf að hælast um yfir því, að hann sé stór flokkur, en Alþýðuflokkurinn sé lítt flokkur. Það er rétt, að Sjálfstæðisflokkurinn er stærri flokkur en Alþýðuflokkurinn. En gildi flokka fer ekki eftir stærðinni fremur en manngildið. Þótt sjálfstæðisflokkurinn sé stór flokkur, liggar nær ekkert eftir hann á löggjafarsviðinu, hann hefur ekki haft forystu um eitt einasta meiri háttar framfaramál á undanförnum áratugum. Þessa stóra flokks verður minnzt í framtíðinni fyrir það fyrst og fremst, að hafa beitt sér gegn svo að segja hverju framfaramáli, sem á dagskrá hefur komið, svo sem togaravökulögum, afnámi sveitarflutninga, lækkun



Fylgi Ólafs Thors í Gullbringu-
og Kjósasýslu frá 1934—1946:
65% — 63% — 52% — 50%
— 48% og nú?

kosningarréttar, byggingu verkamannabústaða, alþýðu-tryggingum o. s. frv. Þessi stóri flokkur hefur verið íhaldsflokkur og hann er íhaldsflokkur. Hans verður aldrei minnzt fyrir annað en íhaldsseimi. Þess vegna er það honum ekki til sóma að vera stór, heldur til minnkunar.

Þótt Alþýðuflokkurinn hafi verið líttill og sé líttill ennþá, hefur hann markað mikilvægari spor í framfarasögu íslenzku þjóðarinnar en nokkur hinna flokkanna. Alþýðuflokkurið hefur verið í fylkingarbrjósti í baráttu íslenzkrar alþýðu fyrir bættum kjörum og auknum réttindum. Næstum allt, sem áunnizt hefur í frelsisbaráttu íslenzkrar alþýðu á undanförnum áratugum, hefur áunnizt fyrir forgöngu Alþýðuflokkssins. Það er honum til sóma að hafa fengið öllu þessu áorkað, PRÁTT FYRIR ÞAÐ, að hann hefur verið líttill.

Sjálfstæðisflokknum stígur það nú mjög til höfuðs, hve stór hann sé, og heimtar hreinan meirihluta sér til handa. Hann veit þó, að slíkt er fjarstæða. Það er fjarstæða m. a. vegna þess, að Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið að tapa við hverjar einustu kosningar síðast liðin 15 ár, og hann mun vafalaust halda áfram að tapa í framtíðinni.

Fylgistar íhaldsins

Eftirfarandi tölur sýna hluta Sjálfstæðisflokkssins af greiddum atkvæðum við Alþingiskosningar síðan 1933 (Þjóðveldismenn eru taldir með Sjálfstæðisflokknum 1942):

1933	48%
1937	41,3%
1942 (sumarkosn.)	40,6%
1942 (haustkosn.)	40,7%
1946	39,4%